

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 11/1945. **Björn Björnsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

**Bæjarstjóranum í Neskaustað f. h. bæjar-
sjóðs** (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen, bæjarfógeti í Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Fyrir fógetadómi hafði áfrýjandi uppi þær varnir, að mikill hluti útsvars þess, sem hann var krafinn um, hefði verið lagður á viðskiptaveltu verzlunar hans, en sú álagning hafi verið andstæð ákvæðum 4. gr. laga um útsvör nr. 106/1936. Fógeti hefur ekki tekið þessa varnarástæðu, sem ber undir dómstóla, til úrlausnar, og þykir því verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógeta að skera úr um sakarefnið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim til úrskurðar um sakarefni samkvæmt framanskráðu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 25. október 1944.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að lögtak verði látið fram ganga fyrir ógreiddu útsvari gerðarþola fyrir árin 1943 og 1944, samtals kr. 8665.52, auk kostnaðar við gerð þessa.

Heldur gerðarbeiðandi því fram, að útsvörin séu álögð samkvæmt skala niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar, en reglur nefndarinnar hafi verið margviðurkenndar af rikisskattanefnd á undanfórnum árum. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að lagt hafi verið útsvar á gerðarþola eins og aðra hliðstæða gjaldendur.

Gerðarþoli hefur hins vegar neitað að greiða hið umkrafða útsvar, þar eð hann telur, að reglur niðurrjöfnunarnefndar, þær sem hér um ræðir, brjóti freklega í bága við núgildandi útsvarslög, þar eð ekki sé farið eftir þeirri þungamiðju útsvarslaganna að leggja útsvör á eftir efnum og ástæðum, svo og þar eð það ákvæði laganna um, að ekki sé gert upp á milli gjaldþegnanna innbyrðis, sé algerlega sniðgengið. Bendir gerðarþoli á það máli sínu til stuðnings, að útsvar sitt 1943 sé um 69% af raunverulegum tekjum sínum, þ. e. netto-tekjum 1942 að frádregnu útsvarinu, og að útsvar sitt 1944 sé á sama hátt um 63% af raunverulegum tekjum ársins 1943.

Gerðarbeiðandi heldur fast við kröfu sína um, að lögtakið verði látið fram fara, og telur, að gerðarþoli hafi gengið fram hjá þeim aðiljum, sem málið eigi að úrskurða, en það séu yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd. Visar gerðarbeiðandi þessum málstað sínum til stuðnings í 24. gr. útsvarslaganna nr. 106 23. júní 1936.

Rétturinn lítur svo á, að það sem hér sé um deilt, sé aðeins, hve hátt útsvar beri að leggja á gerðarþola í máli þessu, þar eð útsvarsskylda hans hér í Neskaupstað hefur ekki verið véfengd.

Samkvæmt 24. gr. útsvarslaganna nr. 106 frá 23. júní 1936 er úrskurður ríkisskattanefndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, og getur því rétturinn ekki lækkað útsvar gerðarþola, enda þótt hann áleti það ósanngjarnt. Er því lögtakskrafa gerðarbeiðanda tekin til greina ásamt málskostnaði, sem telst hæfilega metinn á kr. 200.00.

Þvi úrskurðast:

Umbeðið lögtak skal fram ganga fyrir lögtakskröfunni, kr. 8665.52, svo og málskostnaði, kr. 200.00.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 132/1945. **Hermann Hjartarson**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps (Enginn).

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefur hvorki komið fyrir hæstarétt né nokkur af hans hendi, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.